


Framkvæmdir vegna nýrrar Hjalteyrarlagnar

Á næstunni mun nýja aðveituæðin frá Hjalteyri verða tengd við bæjarkerfið á gatnamótum Þórunnarstrætis og Glerárgötu. Vegna þessa má búast við truflun á umferð, á og við framkvæmdasvæðið, en þá sérstaklega vegna þess að Þórunnarstræti lokast við Glerárgötu. Þó verður unnt að aka frá Þórunnarstræti og inn á Glerárgötu eftir afrein til suðurs.

Vegna þessa framkvæmda þarf að taka heita vatnið af ákveðnum svæðum í nokkrar klukkustundir en það verður auglýst sérstaklega með sms-tilkynningu til þeirra sem lokunin snertir. Viðskiptavinir á svæðinu eru því hvattir til þess að skrá farsímanúmer sín inn á „mínar síður“ á www.no.is eða með því að hringja í þjónustuver Norðurorku í síma 460-1300.

Í kjölfar lokunar geta íbúar á svæðinu búist við breytingu á þrýstingi heita vatnsins á meðan tengivinna fer fram neðst í Þórunnarstræti.



Um leið og við biðjum viðskiptavini okkar velvirðingar á þeim óþægindum sem framkvæmdin kann að valda biðjum við vegfarendur að sýna aðgát og tillitssemi við starfsfólk framkvæmda.

Með von um gott samstarf.

Starfsfólk Norðurorku hf.



NORÐURORKA

Vatnsveita - Rafveita - Hitaveita - Fráveita